

Sp.

455. Þingsályktun

um bætt starfsskilyrði á Alþingi.

(Afgreidd frá Sp. 26. febr.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta framkvæma í samráði við forseta þingsins nauðsynlegar umbætur á starfsskilyrðum þingmanna og annarra þeirra, sem í alþingishúsinu vinna, svo sem þeirra blaðamanna, er þar sinna fréttastarfsemi. Sé hvað blaðamenn áhrærir leitað álags og tillagna Blaðamannafélags Íslands um þær breytingar, sem ákveðnar kynnu að verða. Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að nota sem fyrst heimild 1. gr. laga nr. 9 13. febr. 1943 til að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað, sbr. og 2. gr. laga nr. 59 12. marz 1945, er heimilar lántöku í þessu skyni.